

Tillaga um stýrihópsvinnu um heildarendurskoðun Mjóddarinnar og endurbætur á biðstöð

Lagt er til að setja á laggirnar stýrihóp um heildarendurskoðun Mjóddarinnar og endurbætur á biðstöðinni til skemmri og lengri tíma. Stýrihópurinn haldi utan um feril máls, móti áherslur og haldi utan um samráð vegna verkefnisins.

Greinargerð:

Þann 4. mars var tillaga um endurskipulagningu Mjóddarinnar samþykkt sem hluti af aðgerðaráætlun samstarfsflokka. Þar var samþykkt að fela umhverfis- og skipulagsráði að ráðast í heildarendurskipulagningu Mjóddarinnar í samráði við íbúa. Þar var sömuleiðis kveðið á um að strax skuli hefjast handa við að vinna tillögur að úrbótum á biðstöðinni sjálfri og umhverfi hennar til skemmri og lengri tíma. Tillögunni var vísað til umhverfis- og skipulagsráðs sem vísaði henni til meðferðar þann 12. mars. Þessi tillaga er útfærsla á þeirri aðgerð.